



## Íþróttaskóli barna haustið 2021 – Knattspyrnufélagið Þróttur

Knattspyrnufélagið Þróttur mun starfrækja íþróttaskóla barna í haust sem ætlaður eru börnum á aldrinum 1-4 ára. Stefnt er að því að hafa fjölbreytta dagskrá til þess að efla skyn – og hreyfiproska barna ásamt því að hafa gaman og læra að umgangast aðra.

Íþróttaskólinn verður í íþróttahúsi ÍFR (Hátún 14) og hefst hausttímabilið laugardaginn 4 .september og stendur til 27. nóvember, eða í 14 skipti. Hópnum verður skipt í tvennt:

Börn fædd 2019 - 2020 kl. 09:00 – 10:00

Börn fædd 2017 - 2018 kl. 10:00 – 11:00

Skráning er hafin í íþróttaskólann og fer hún fram á skráningarsíðu Þróttar, <https://trottur.felog.is> þar sem jafnframt er hægt að ganga frá greiðslu.

Mælt er með að börnin mæti berfætt eða í sokkum sem gripi. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka þátt í tímunum og vera börnunum til aðstoðar.

Ef barn er óöruggt á einhvern hátt (skortir kjark eða færni) þarf líka að styðja það vel í upphafi og draga sig síðan í hlé þegar færnin verður meiri og sjálfstraust eykst.

Aðstaða er til fataskipta sé þess óskað.

### SKRÁNING

Verð fyrir námskeiðið er kr. 20.000 fyrir 14 tíma.

Takmarkað pláss er á báðum námskeiðum.

Umsjónarmaður íþróttaskólans er Gabriela Jónsdóttir,

Hægt er að fá nánari upplýsingar um Íþróttaskóla barnanna hjá umsjónarmanni á netfanginu [gabrielajonsdottir@gmail.com](mailto:gabrielajonsdottir@gmail.com) eða hjá Íþróttastjóra Þróttar á tölvupóstfanginu [thorir@trottur.is](mailto:thorir@trottur.is)